

**Ed.**

**277. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði og niðurgreiðsla hefur farið fram á hæfilegu neyzlumagni vörunnar, að dómi ríkisstjórnar, skal vísitalan eingöngu miðuð við lægra verðið.

**2. gr.**

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.